



38. FUNDUR Í BÆJARSTJÓRN BLÖNDUÓSBÆJAR

Dagsetning: 15. október 2013, kl. 17:00

Bæjarstjórn Blönduósbæjar kom saman til 38. fundar þriðjudaginn 15. október 2013 kl. 17:00 að Hnjúkabyggð 33. Forseti bæjarstjórnar, Ágúst Þór Bragason, setti fundinn og stjórnaði honum. Fundarritari var Auðunn Sigurðsson. Undirritaðir sátu fundinn.

Forseti óskaði í upphafi fundar eftir því að tekinn yrði upp liðurinn önnur mál og var það samþykkt.

Dagskrá:

1. **Fundargerðir:**
 - a. **Bæjarráð frá 26. september 2013**
 - b. **Skipulags-, byggingar- og veitunefnd frá 1. október 2013**
2. **Skýrsla bæjarstjóra**

Afgreiðslur:

1. **Fundargerðir:**
 - a. **Bæjarráð frá 26. september 2013**

Fundargerðin er í 6 liðum. Fundargerðin kynnt og tekin til umræðu. Að umræðum loknum var fundargerðin borin undir atkvæði og samþykkt samhljóða með 7 atkvæðum.
 - b. **Skipulags-, byggingar- og veitunefnd frá 1. október 2013**

Fundargerðin er í 8 liðum. Fundargerðin kynnt og tekin til umræðu. Nokkrar umræður urðu um fundargerðina. Bæjarstjórn samþykkir að vísa 4. lið fundargerðarinnar aftur til nefndarinnar að beiðni byggingarfulltrúa. Að því loknu var fundargerðin í heild sinni borin undir atkvæði og samþykkt samhljóða með 7 atkvæðum.

2. **Skýrsla bæjarstjóra**

Arnar Þór Sævarsson, bæjarstjóri, flutti skýrslu sína. Bæjarstjóri fjallaði m.a. um Fjármálaráðstefnu sveitarfélaga sem haldin var í Reykjavík dagana 3.-4. október, fjárlög Alþingis fyrir árið 2014, gagnaversráðstefnu í Frakklandi, fjárhagsáætlun Blönduósbæjar fyrir árið 2014, framkvæmdir á vegum bæjarins og Félags- og skólabjónustu A-Hún haustið 2013 og að Blönduósbær hefði sótt um byggðakvóta.

Skýrslan verður birt á heimasíðu Blönduósbæjar.



3. Önnur mál.

a) Málafni Félags- og skólaþjónustu A-Hún.

Ákvörðun sveitarstjórnar um að veita Félags- og skólaþjónustu A-Hún., sem sveitarfélagið á í samvinnu við önnur sveitarfélög, einfalda ábyrgð vegna lántöku þess hjá Lánasjóði sveitarfélaga og hún tryggð með tekjum sveitarfélagsins.

Bæjarstjórn lagði fram eftirfarandi bókun;

„Sveitarstjórn Blönduósbæjar samþykkir hér með að veita veð í tekjum sveitarfélagsins vegna lántöku Félags- og skólaþjónustu A-Hún hjá Lánasjóði sveitarfélaga að fjárhæð allt að 45.000.000 kr., í samræmi við samþykktu skilmála lánveitingarinnar sem liggja fyrir fundinum. Er veðsetning þessi veitt sbr. heimild í 2. mgr. 68. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011. Lán Félags- og skólaþjónustu A-Hún er tekið til að fjármagna endurbætur á kjallara húseignarinnar Hnitbjarga á Blönduósi, sem er lánshæft verkefni sbr. 3. gr. laga um stofnun opinbers hlutafélags um Lánasjóð sveitarfélaga nr. 150/2006. Jafnframt er Arnari Þór Sævarssyni, kt. 161171-4339, veitt fullt og ótakmarkað umboð til þess að samþykkja f.h. Blönduóssbæjar veitingu ofangreindrar veðtryggingar og til þess að móttaka, undirrita og gefa út, og afhenda hvers kyns skjöl, fyrirmæli og tilkynningar, sem tengjast veitingu tryggingar þessarar.“

Bókunin borin undir atkvæði og samþykkt með 7 atkvæðum.

b) Áform um sameiningu heilbrigðisstofnana innan heilbrigðisumdæma.

Bæjarstjórn lagði fram eftirfarandi bókun:

„Bæjarstjórn Blönduósbæjar tekur undir ályktun sveitarfélaga í Austur Húnavatnssýslu vegna áforma stjórnvalda um sameiningu heilbrigðisstofnana á Norðurlandi og leggst alfarið gegn sameiningu heilbrigðisstofnana. Minnt er á að Heilbrigðisstofnunin á Blönduósi hefur á undanförunum árum tekið á sig mikinn samdrátt í fjárveitingum með tilheyrandi áhrifum á þjónustu og ekki síður á starfsfólk heilbrigðisstofnunarinnar.“

Bókunin borin undir atkvæði og samþykkt samhljóða með 7 atkvæðum.

Fundargerðin lesin upp og samþykkt. Fundi slitið kl. 18:10.

Ágúst Þór Bragason, forseti (sign.)
Zophonías Ari Lárusson (sign.)
Kári Kárason (sign.)
Anna Margret Sigurðardóttir (sign.)
Oddný María Gunnarsdóttir (sign.)
Hörður Ríkharðsson (sign.)
Þórdís Hauksdóttir (sign.)

Auðunn Sigurðsson, ritari (sign.)



Bæjarstjórn Blönduósarbæjar